



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 122/1848

komudagur 16.4.1998

Reykjavík, 15. apríl 1998.

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri við Templarasundi,  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvörp til laga, <sup>189</sup>~~198~~, 236, 263 og 487 mál.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar Alþingis, dagsett 4. mars 1998, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreind lagafrumvörp. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum varðandi frumvörpin.

## 1. Stjórn fiskveiða, 189. mál, handfæraveiðar, veiðiskylda, krókaveiðar o.fl.

### Um 1. grein.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur til að a og b liður í 1. grein falli niður. Það var lagabreyting sem jók heimildir til handa þeim smábátum sem eru á aflahámarki til þess að framselja þorskaflahámark sitt á síðastliðnu hausti. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands var á móti því að slíkt brask kæmi inn í veiðikerfi smábáta undir sex tonnum.

### Um 2. grein.

Það sjónarmið að sjómenn eigi atvinnuréttindi í því að stunda fiskveiðar á fullan rétt á sér og ber að líta til þess að með langri starfsæfi við sjómennsku hafi sjómenn skapað sér atvinnurétt til fiskveiða eigi síður en útgerðarmenn.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands telur vel koma til greina að það þurfi 25 ár við fiskveiðar til þess að öðlast rétt til þess að stunda handfæraveiðar og að sá réttur sé bundinn viðkomandi manni eða mönnum er stundað geti slíkar veiðar á minni skipum einn eða fleiri saman sem slíkan rétt fá á skipum undir t.d. 30 rúmlestum að stærð. Þessi réttur verður engum framseldur og nýtist aðeins af þeim sem handfæraréttinn fær. Setja þarf þak t.d. 25 tonn á hvern mann.

### Um 3. grein.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur til að þessi grein falli niður.

### Um 4. grein.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands styður það sjónarmið sem kemur fram í þeirri grein og snýr að því að lagfæra 11. grein núverandi laga um stjórn fiskveiða. Spurning er hvort slíkur réttur sem fylgir því að selja aflaréttinn úr byggðarlagi og þar með auka rétt annarra byggða á kostnað þeirra sem missa frá sér rétt átti nokkurn tíma rétt á sér. Ef söluréttur aflakvótans hefði alla tíð verið aðeins innan byggðarlags og nýtanlegur aðeins þar, þá hefði verðmyndun á óveiddum fiski varla farið svo úr böndum eins og dæmin sanna, þar sem skuldir sjávarútvegsins lækka ekki vegna þess hvað þarf að borga mikið fyrir óveiddan fisk til þeirra sem nú eru að selja þau verðmæti sem þeim var úthlutað.

Um 5. grein.

Nú nýverið var Alþingi að setja lög sem tengjast gerð kjarasamninga þar sem veiðiskyldu sem var þó aðeins talin í þorskígildum var hafnað og breytt í framsalstakmörkun. Veiðiskylda á hverri tegund er stífara ákvæði en þar var lagt til. Mælum gegn þessum breytingum.

Um 6. grein.

Kvótapingið mun taka yfir að þessu leyti samanber lög nr. 11/1998.

## **2. Stjórn fiskveiða, 236. mál, bottfall laga.**

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands lýsir yfir áhuga á því að endurskoða núverandi kerfi og þar kemur vissulega til greina að endurúthluta aflaheimildum að nýju. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands telur hins vegar rétt vinnubrögð vera þau að endurskoða löggin áður en sett er inn ákvæði um að þau falli úr gildi eins og gert er í frumvarpinu. Á síðastliðnu ári voru gerðar breytingar á lögum um veiðar togskipa innan 12. sml. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands stóð að þeim breytingum ásamt fleiri samtökum í sjávarútvegi.

Í ljósi þess að stefna Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er að fullnýta beri alla veiðimöguleika í fiskveiðilögsögunni með þeim veiðiaðferðum sem hagkvæmastar eru og ofgera ekki nýtingu viðkomandi fiskistofna, hafnar Farmanna- og fiskimannasamband Íslands efni tillögunnar með tilliti til þess rökstuðnings sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að tog- og netaveiðar færast út af þeim svæðum sem þær eru nú heimilar á samkvæmt nýlegum lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Það er að áliti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eitt að nýta veiðislóð og fiskistofna með ýmsum veiðiaðferðum og síðan annað með hvaða stjórnkerfi fiskveiða setur fram í aflatak mörkun eða verslun með óveiddan fisk í sjó, sem aldrei átti að leyfa, enda orðið til meiri skaða en ávinnings fyrir þjóðina nú þegar.

## **3. Ráðstafnair í sjávarútvegsmálum, 263. mál, breyting ýmissa laga.**

Um 1. grein.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands er sammála þessari tillögu.

Um 2. grein.

Að teknu tilliti til þess sem sagt er í greinargerð með frumvarpinu er ljóst að þarna er vikið að einum af mestu göllum núverandi aflamarkskerfis. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vill til viðbótar því sem beint kemur fram í greinargerðinni vekja sérstaklega athygli á því að það óheyrilega háa verð sem bæði er á varanlegum aflaheimildum og aflamarki innan fiskveiðiársins (leigukvóti) veldur því örugglega að sjómenn fá ekki að koma með afla að landi án þess að fyrir aflann fáiast sem mest eftir að útgerðin hefur leigt aflann óveiddan á okurverði. Kvótaverslunin í kerfinu leiðir þannig af sér slæma nýtingu á aflanum, mengar hugarfar sjómanna sem settir eru í að vinna við aflann með því atferli að rétt sé vegna kvótaverðsins að henda því sem minna fæst fyrir. Þessi viðmiðun er síðan breytileg eftir aflabroðum, kvótastöðu, stærð fisksins eða markaðsverði fisksins þegar að landi er komið.

Versta dæmið sem við höfum heyrt um er að hífa upp úr lest kör af ísuðum fiski og henda honum í sjóinn vegna þess að verðið á fiskmarkaði fór niður fyrir leiguverðið.

Að teknu tilliti til þess að varlega þarf að fara með slíkar heimildir og að sjómenn verða illa settir í þegnskylduvinnu án kaupgreiðslu fyrir sitt vinnuframlag má segja að ákvæðið væri til bóta ef það er markmiðið að viðhalda fislveiðikerfi sem hefur innbyggðan mjög afleitan hvata til þess að kasta verðmætum og svo því megi viðhalda. Við bendum á að séu sóknarstýringar notaðar jafnvel þó framseljanlegar væru hyrfi þessi mengaði umgengnisvandi sem alltaf fylgir kvótakerfi og því meir sem veiðiráðgjöf eða sölukerfi á óveiddum fiski í sjó er meira úr takt við raunveruleikann um stærð fiskstofnsins eða þess verðs sem fæst fyrir fiskinn á land kominn.

Um 3. grein.

Meðan núverandi kerfi er notað er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sammála um að aflaheimildir fari um löggildan kvótamarkað eða kvótaþing.

Um 4. grein.

Á eftir orðinu "útgerðar" í fyrstu setningu komi "er hefur sömu kennitölu." Í þriðju línu komi á eftir Fiskistofu. "Á verðlagi því sem var á kvótaþingi." Samanber nýsett lög um kvótaþing nr. 11/1998. Á eftir orðinu óheimill í fjórðu línu kemur "nema um kvótaþing."

Að teknu tilliti til nýsettra laga nr. 12/1998 um að ekki megi leigja frá skipi meira en 50% á hverju fiskveiðidári og að teknu tilliti til þess að geyma má 20% aflamarks milli fiskveiðidára er ljóst að ef gengið er út frá því að útgerðin veiði 50% sem hún hvort sem er getur ekki framselt og geymi 20% til næsta árs, þá gætu þau 30% sem eftir eru komið til úthlutunar annarra eftir fyrningarreglunni sem byggir á því að 10% þess sem þannig varð eftir fyrnist eða í þessu dæmi 10% af 30% aflahlutdeildar eða 3% yrðu af skipinu tekin og úthlutað varanlega til annarra skipa. Þar sem þetta ákvæði ýtir undir að skip veiði þær heimildir sem þau hafa sem varanlega aflahlutdeild og það var ávallt markmið að um afnotarétt væri að ræða með aflahlutdeild þá leggur Farmanna- og fiskimannasamband Íslands til að þetta ákvæði verði lögfest.

5. og 6. grein er hafnað.

Varðandi úreldingu er lagt til að ákvæði um úreldingu verði felld úr gildi. Smábátar verði þó eigi stækkaðir meira en að 6 tonnum og því aðeins að þeir séu með aflahámark.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur til að lög nr. 57/1996 verði að sinni óbreytt. Í annarri umsögn er mælt með að hvatt verði til löndunar á innlenda fiskmarkaði með 25% bónus ákvæði, það teljum við nóg aðgert að sinni ef að lögum verður.

#### 4. Stjórn fiskveiða, 487. mál.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur til að 2. grein verði þannig:

2. grein.

Sé óunnum fiski landað innanlands og hann seldur á fiskmarkaði, gólf eða fjarskipti þannig að jafnræði skapist milli fiskvinnsluaðila til kaupa á aflanum skulu aðeins 75% aflans teljast til aflamarks. Ákvæði þetta á einnig við um rækju, humar, skel og uppsjávarfiska.

3. grein. Lög þessi öðlist gildi þann 1. september 1998.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur til að heimildarákvæði til handa ráðherra um að beita álagi ef fiskur er fluttur óunninn á erlendan markað sem nú er í 10. grein laga nr. 38/1990, þ.e. síðasta málsgrein í 10. grein falli út. Þess í stað komi 25% hvati til að landa á innlendan fiskmarkað enda er álagsákvæði nógildandi laga sennilega ólögsmæt viðskiptahindrun sem tæpast stenst EES samninginn og aðeins tímaspursmál hvenær það verður kært til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Virðingarfyllt,  
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands  
Íslands

  

---

Benedikt Valsson